



01.09.2026

**Bæjarráð - 2503. fundur bæjarráðs
haldinn á bæjarskrifstofu, þriðjudaginn 1. september 2026
og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Kristján Jón Guðmundsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Baldur Smári Einarsson, Þorbergur Haraldsson, Guðfinnur Ragnar Jóhannsson og Kristinn Gauti Einarsson.

Fundargerð ritaði: Kristinn Gauti Einarsson, Fjármála- og skrifstofustjóri

Dagskrá:

1. Framkvæmdir 2026 - 2606040

Lagt verður fram yfirlit yfir stöðu framkvæmda og fjárfestinga árið 2026, ásamt mati á framvindu verkefna og fjárhagslegri stöðu þeirra. Bæjarráð ræðir stöðu verkefna og næstu skref eftir því sem við á.

Staða framkvæmda og fjárfestinga sveitarfélagsins árið 2026 var kynnt. Malbikun á hafnarsvæði gengur vel og stefnt er að malbikun Strandgötu á næstu dögum. Góður gangur er í öðrum framkvæmdum.

2. Ósk um aukið framlag. - 2608037

Fyrir liggja frekari upplýsingar frá Vesturafli vegna beiðni um aukið framlag til reksturs starfseminnar.

Bæjarráð samþykkir ósk Vesturafls um aukið framlag í samræmi við fyrirbyggjandi gögn og felur bæjarstjóra að vinna að endurnýjun samninga.

3. Heilsubærinn - aðalfundur og árskýrsla - 2608061

Lögð fram rekstrarskýrsla Heilsubæjarins Bolungarvíkur fyrir árið 2025 og fundargerð aðalfundar félagsins 2026 vegna útgreiðslu styrks sveitarfélagsins.

Erindi kynnt.

4. Endurskoðað hættumat fyrir Bolungarvík með tilliti til varnarmarkja - 2608062

Fyrir liggja drög að skýrslu Veðurstofu Íslands um endurskoðað ofanflóðahættumat fyrir Bolungarvík að teknu tilliti til varnarmarkja

Erindi kynnt. Bæjarráð felur bæjarstjóra að kynna endurskoðað hættumat á heimasíðu bæjarins.



01.09.2026

5. MAST - Ósk um upplýsingar um aðbúnað sauðfjárhrossa í rekstrum, smalamennsku og réttum. - 2608063

Fyrir liggur erindi frá Matvælastofnun þar sem óskað er eftir upplýsingum um aðbúnað sauðfjár og hrossa í rekstrum, smalamennsku og réttum innan sveitarfélagsins.

Erindi kynnt. Bæjarstjóra falið að svara erindi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:37